

**Nd.**

## **63. Frumvarp til laga**

[62. mál]

um breytingu á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson.

### 1. gr.

1. gr. laganna breytist á þessa leið:

Við bætist ný tollskrárnúmer:

34.02.05. Sótthreinsandi vökvi og hreinsitöflur fyrir snertilinsur ..... 0

38.11.10. Vökvi fyrir snertilinsur ..... 0

38.19.49. Vökvi fyrir snertilinsur ..... 0

Eftirtalin tollskrárnúmer breytist svo:

90.01.01. Fyrir „15“ kemur: 0.

90.03.00. Fyrir „15“ kemur: 0.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Mjög er á reiki hvernig innflutningsgjöld eru ákveðin af einstökum vörutegundum. Rökrétt samhengi milli einstakra tollflokka finnst trauðla, enda eykur tollskráin á misrétti í félagslegum efnum í sumum tilvikum. Í öðrum hallar hún á innlenda framleiðendur en ívilnar erlendum.

Í frv. þessu er aðeins tekið á einum og takmörkuðum þætti tollskrárinnar þar sem lagt er til að fella niður aðflutningsgjöld af umgjörðum og gleraugnagleri, en á hvoru tveggja er 15% tollur og 32% vörugjald.

Undir vissum kringumstæðum eftir augnuppskurð greiðir Tryggingastofnun ríkisins glerin, og 70% af verði gleraugna fyrir börn vegna augnréttinga, ef þau hafa sjónskekkju.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að rétt sé að menn, sem nota venjuleg gleraugu, standi undir þeim kostnaði sjálfir, en rangt að íþyngja þeim með innflutningsgjöldum. Til álita kemur á hinn bóginn að Tryggingastofnunin taki þátt í eða greiði gleraugu fyrir börn. Nærsýni er ættgeng og systkin geta því þurft gleraugu hvert af öðru hennar vegna.

Vökvi fyrir þá, sem nota svonefndar „kontaktlinsur“ eða snertilinsur, er með þrennum hætti eftir notagildi og í jafnmörgum tollnúmerum. Tollur er ýmist enginn, 15% eða 50% og vörugjald ýmist 32% eða 40%. Þessar tölur sýna að löggjafinn hefur ekki haft „kontaktlinsur“ í huga við gerð tollskrárinnar eða ákvörðun vörugjaldsins. Hér er farin sú leið að setja vökva þessa í ný tollskrárnúmer og fellur vörugjaldið þá sjálfkrafa niður.

Samkvæmt tollskrá falla svonefnd „Mílusgleraugu“, sem þeir nota sem nánast eru blindir, undir tollflokk 90.04.09 og ættu því að bera 50% toll og 32% vörugjald. Ef eftir er leitað falla þessi gjöld þó niður skv. sérstakri heimild.